



# Framkvæmda- fréttir 22. tbl. /05



Útsýni frá Fáskrúðsfjarðargöngum yfir Reyðarfjörð. Myndin var tekin 23. júní sl. Á myndinni má sjá mótin fyrir vegskálana sem byggðir voru við göngin. Fáskrúðsfjarðargöng verða opnuð fyrir umferð 9. september. Sjá kort með vegnúmerum í opnu.

## Auglýsingar útboða

### Pingskálavegur (68), ræsi 05-042

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð þriggja ræsa á Pingskálavegi (268) í Rangárvallasýslu. Auk ræsavinnu skal styrkja veginn og aka út malarslitlagi.

Helstu magnbólur eru:

Neðra burðarlag, óunnið efni	9.895 m <sup>3</sup>
Ræsi	75 m
Malarslitlag	4.420 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 20. nóvember 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 29. ágúst 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. september 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit 05-060

Vegagerðin og Reykjavíkurborg, óska eftir tilboðum í eftirlit með verkinu: Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur-Víkurvegur. Í verkinu felst eftirlit með gerð tveggja akreina Hallsvegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi. Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. ágúst 2006.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 30. ágúst 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. september 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 20. september 2005

klukkan 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðanda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.



## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 22. tbl. 13. árg. nr. 411 29. ágúst 2005

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Strandavegur (643), Illaholt - Blæja

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð endur- og nýlagningar Strandavegar á tæplega 6 km kafla um Bala sem eru norðan Bjarnarfjarðar. Þetta er framhald endurbóta sem voru gerðar í norðanverðum Bjarnarfirði 2003-2004. Núverandi vegur er niðurgrafinn slóði sem víða liggur á klöppum. Yfirborðsvatn rennur víðast yfir veginn og hann er því oft erfiður yfirferðar, ekki síst að vetrum. Allt viðhald er einnig mjög erfitt.

Nýr vegur verður með einni akrein og 3,5 m breiðu malar-slitlagi. Mætingaútskot eru með 160 m millibili. Slitlagið er breikkað í beygjum þar sem radíus er 400 m eða minni. Malaraxlir eru 0,25 m breiðar en sumstaðar breikkaðar, ýmist í 0,75 m eða 1,25 m.

Bergskeringar verða 26.700 m<sup>3</sup>.

Skila skal tilboðum í verkið 6. september.



Strandavegur (643) rétt utan við kaflann sem nú er boðinn út. Þessi mynd var tekin 1996 og síðan hefur þessi kaflur verið endurbyggður. Myndin sýnir hinsvegar vel hvernig vegir á þessu svæði hafa verið undanfarna áratugi.



**Fáskrúðsfjarðargöng**

Fáskrúðsfjarðargöng verða opnuð fyrir umferð föstudaginn 9. september. Þau verða hluti Suðurfjarðavegar (96). Gamli vegurinn fyrir nes verður nefndur Vattarnesvegur (955).

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-061 Hafnavegur (44) um Hafnir	06
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	06
05-047 Hringvegur (1), Arnórsstaðamúli	05
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	05
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker	05
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	05
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn	05
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	05
05-037 Krísuvíkurvegur (42), Hraunhella - Hamranes	05
05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
05-035 Héðinsfjarðargöng	05
05-054 Pverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur	05
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	05

Fyrirhuguð útboð frh.	Auglýst:
05-053 Vestfjarðavegur (60) um Svínadal	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboðna	05

  

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
05-060 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit	29.08.05	13.09.05
05-042 Þingskálavegur (268), ræsi	29.08.05	13.09.05
05-056 Strandavegur (643), Illaholt - Blæja	22.08.05	06.09.05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	15.08.05	30.08.05
05-034 Vestmannaeyjaferja 2006-2010	02.08.05	06.09.05

  

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-059 Heiðmerkurvegur (408), malbikun 2005	15.08.05	30.08.05
05-055 Djúpvvegur (61) um Svansvík	15.08.05	30.08.05
05-048 Hlíðarvegur (917) hjá Fossvöllum	02.08.05	16.08.05
05-045 Kísilvegur (87), slitlagsendi á Grímsstaðaheiði - Geitafellsá, 1. áfangi	02.08.05	16.08.05
05-057 Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Siglufjörður 2005-2008	02.08.05	16.08.05
05-051 Vatnsnesvegur (711), Ósar - Hólaá (framhaldsopnun)	19.07.05	09.08.05
05-049 Upphéraðsvegur (931) um Ormarsstaðaá	18.07.05	02.08.05

  

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
05-029 Hringvegur (1) við Borgarnes, tenging við Digranesgötu Borgarverk ehf.	07.06.05	16.08.05



## Tímaritið NR&TR Endurgjaldslaus áskrift

Vegagerðin tekur þátt í samstarfi norræna vega- og umferðarrannsóknastofnana um útgáfu á tímaritinu NR&TR, *Nordisk Road & Transport Research*. Markmiðið með útgáfunni er að koma á framfæri rannsóknarniðurstöðum og fréttum frá þessum stofnunum. Hreinn Haraldsson forstöðumaður þróunarviðs er fulltrúi Vegagerðarinnar í ritnefnd. Fréttir og greinar um íslensk rannsóknarverkefni hafa birst reglulega á síðum blaðsins.

Tímaritið kemur út þrisvar sinnum á ári og er allt efni þess á ensku.

Þeir sem starfa á vettvangi vegagerðar, umferðaröryggismála, löggæslu, skipulagsmála eða fjölmiðlunar geta sótt um endurgjaldslausa áskrift til Vegagerðarinnar. Sendið tölvupóst til [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)